



Spáum 2,3% ársverðbólgu í febrúar

Hagstofan birtir vísitölu neysluverðs þriðjudaginn 27. febrúar.

Hagfræðideild Landsbankans spáir 0,7% hækkun vísitölnunnar milli mánaða.

Gangi spáin eftir lækkar ársverðbólgan úr 2,4% í 2,3%.

Vísitala neysluverðs lækkaði um 0,09% milli mánaða í janúar. Þetta var minni lækkun en búist var við, en opinberar spár lágu á bilinu -0,45% til -0,60%. Við spáðum 0,5% lækkun. Spáskekkjan skýrist fyrst og fremst af hækkun reiknaðrar húsaleigu, en við gerðum ráð fyrir að hún yrði óbreytt. Þessi hækkun var drifin áfram af 5,4% hækkun fasteignaverðs utan höfuðborgarsvæðisins.

Helstu áhrifaþættir milli mánaða:


- Vetrarútsölur á **húsgögnum og heimilisbúnaði** voru svipaðar og síðustu ár. Við gerum ráð fyrir að hækkunin milli mánaða í febrúar verði svipuð og síðustu ár, enda útsölum almennt lokið.
- Vetrarútsölur á **fötum og skóm** voru einnig nokkuð svipaðar og í fyrra. Í fyrra hækkaði þessi liður ekki milli mánaða í febrúar vegna þess að vetrarútsölum var ekki lokið í verðkönnunarvikunni. Í ár gerum við hins vegar ráð fyrir að útsölum hafi að mestu leyti lokið áður en Hagstofan gerir verðkönnun.
- Samkvæmt verðkönnun okkar gerum við ráð fyrir að **reiknuð húsaleiga** hækki um 0,4%.
- **Tómstundir og menning** hækka alla jafna milli mánaða í febrúar.
- Við gerum einnig ráð fyrir smávægilegri hækkun á **húsnæðislið án reiknaðrar húsaleigu**.
- Við gerum ráð fyrir að **flugfargjöld til útlanda** hækki milli mánaða og verði svipuð og í febrúar í fyrra.

Verð á evru hefur lækkað um 0,2% og verð á Bandaríkjadal um 3,0% milli verðkannana.

Spá okkar um hækkun milli mánaða í febrúar er 0,1 prósentustigi hærri en bráðabirgðaspáin sem við birtum um miðjan janúar.

	Spá		
	Vægi í VNV	Breyting	Áhrif
Húsgögn og heimilisb.	3,6%	7,46%	0,27%
Föt og skór	3,2%	3,98%	0,13%
Reiknuð húsaleiga	20,4%	0,40%	0,08%
Tómst. og menning	9,8%	0,52%	0,05%
Húsn. án reikn. húsaleigu	14,1%	0,30%	0,04%
Flugfargjöld til útlanda	1,1%	3,36%	0,04%
Hótel og veitingast.	5,1%	0,54%	0,03%
Aðrar vörur og þjónusta	6,2%	0,36%	0,02%
Heilsa	3,9%	0,29%	0,01%
Bensín	1,9%	0,50%	0,01%
Áfengi og tóbak	2,8%	0,22%	0,01%
Matur og drykkjarv.	13,4%	0,04%	0,01%
Ferðir og flutningar - annað	4,4%	0,13%	0,01%
Póstur og sími	2,3%	0,05%	0,00%
Menntun	0,9%	0,00%	0,00%
Kaup ökutækja	7,0%	-0,10%	-0,01%
Alls	100,0%		0,69%

Mánaðarbreyting VNV í febrúar



Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild




Gerum ráð fyrir 2,6% ársverðbólgu í mars

- **Mars: +0,3%**
Vetrarútsölnurnar ganga til baka.
- **Apríl: +0,1%**
Almennt er apríl mjög tíðindalítill verðbólgu mánuður.
- **Maí: +0,2%**
Maí er einnig oftast tíðindalítill mánuður.

Gangi spáin eftir fer ársverðbólgan rétt yfir 2,5% verðbólgu markmiðið í mars, en svo aftur niður í 2,2% í apríl og maí.

Við gerum óverulega breytingu á spám okkar um breytingu milli mánaða frá því í janúar. Hærri ársverðbólga í þessari spá skýrist af hærri byrjunarpunkti vegna óvænttrar mælingar á vísitölunni í janúar.



Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraeideild@landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.